

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1998

27. maí 1998

953

Nr. 298

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013, færsla á Búrfellslínu 3A.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. maí 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013 frá 2. júní 1995.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

1. Búrfellslína 3A færist lítillaga til suðurs þar sem hún fer yfir Kálfá í landi Stóra-Hofs að horni í landi Bólstaðar.

2. Búrfellslína 3A færist til í landi Þrándarholts og norður fyrir Gunnbjarnarholt í landi Sandlækjarholts. Línan sameinast aftur áður staðfestri legu nokkru vestan við Reyki í Skeiðahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Gnúpverjahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt breytinguna og mælir með staðfestingu hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 27. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Pórður H. Ólafsson.

28. maí 1998

Nr. 299

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 153/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á tilgreindu tímabili, verð- og magntolli, vegna innflutnings á paprika, önnur (0709.6003) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	01.06.-07.06.98	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	08.06.-14.06.98	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	15.06.-30.06.98	ótilgr.	22,5	298

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. maí 1998.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Ólafur Friðriksson.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs í Hvalfirði.

1. gr.

Bönnuð er veiði göngusilungs í net í Hvalfirði á tímabilinu frá 25. maí til 15. ágúst ár hvert, í umdæmi Borgarfjarðarsýslu, frá mörkum við Músanes að sunnan, að mörkum við Suðurflös, norðan Hvalfjarðar.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar auglýsingar varða sektum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.